

Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur haldinn 10. september 2019

Tillögur til 35. aðalfundar LS 17. og 18. október 2019

1. Aðalfundurinn krefst þess að lokað verði fyrir þann möguleika að færa aflaheimildir úr krókaafلامarsskerfinu í aflamarkskerfið.
2. Aðalfundurinn hafnar sameiningu aflamarks og krókaafلامarss.
3. Aðalfundurinn hafnar því að leyfa netaveiðar krókabáta.
4. Aðalfundurinn krefst þess að sams konar ívilnun verði fyrir handfæri og línu og verði kölluð krókaívilnun.
5. Aðalfundurinn krefst þess að svæðaskipting í strandveiðikerfinu verði afnumin og að dagarnir verði að lágmarki 12 í mánuði.
6. Aðalfundurinn krefst þess að strandveiðitímabilið fyrir vestari hluta D svæðis hefjist að loknu hrygningarstoppi.
7. Aðalfundurinn hafnar öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.
8. Aðalfundurinn krefst þess að tímabil VS afla verði 1 ár.
9. Aðalfundurinn vill að handfæraveiðar séu undanþegnar hrygningarstoppi.
10. Aðalfundurinn krefst frjálstra handfæraveiða smábáta á makríl.
11. Það er eindregin skoðun aðalfundarins að handfæraveiðar smábáta eigi að vera frjálstar.
12. Aðalfundurinn skorar á LS að sækja um styrk hjá AVS til rannsókna á áhrifum handfæraveiða á hegðun hrygningarfisks annars vegar og hversu mikill hluti smáfisks dreyst við sleppingar af handfærum.
13. Aðalfundurinn bendir á þá staðreynd að fyrir daga kvótakerfisins voru hástemmdar yfirlýsingar Hafrannsóknastofnunar um 450-500 þúsund tonna afla í þorski, yrði tillögum hennar hlýtt. Nú, 35 árum síðar hefur margsinnis sýnt sig að tilraunastarfsemi Hafró hefur mistekist með öllu. Því ber brýna nauðsyn til þess að vinnubrögð og stefna stofnunarinnar sé tekin til gagnerrar endurskoðunar.